



24. nóvember 2014

Afkoma N1 hf. á 3. ársfjórðungi 2014

Helstu niðurstöður

- Vörusala var 18.271 m.kr. á 3. ársfjórðungi 2014 (3F2013: 17.833 m.kr.).
- Framlegð jókst um 1,1% og EBITDA um 7,8% á 3. ársfjórðungi 2014 miðað við sama tímabil árið 2013.
- Framlegð af vörusölu skiptist þannig að um 57% (3F2013: 56%) er vegna sölu á eldsneyti og 43% (3F2013: 44%) vegna sölu annarra vara.
- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 1.252 m.kr. á 3. ársfjórðungi 2014 (3F2013: 1.161 m.kr.).
- Heildarhagnaður á 3. ársfjórðungi 2014 nam 932 m.kr. (3F2013: 689 m.kr.).
- Eigið fé var 14,8 ma.kr. og eiginfjárlutfall 52,0% í lok 3. ársfjórðungs 2014.
- Vaxtaberandi skuldir voru samtals 6,7 ma.kr. í lok 3. ársfjórðungs 2014.
- Hreinar vaxtaberandi eignir voru samtals 2,3 ma.kr. í lok 3. ársfjórðungs 2014.
- Veltuhraði birgða var 16,25 á 3. ársfjórðungi 2014 (3F2013: 12,18).
- Meðalfjöldi stöðugilda var 630 á 3. ársfjórðungi 2014 (3F2013: 688).

Reksturinn á 3. ársfjórðungi 2014

Rekstur félagsins var í samræmi við áætlanir á 3. ársfjórðungi og var EBITDA/framlegð 40,6% (3F2013: 38,1%).

<i>Rekstrarreikningur m.kr.</i>	<i>3F 2014</i>		<i>3F 2013</i>		<i>9M 2014</i>		<i>9M 2013</i>	
Sala	18.271		17.833		45.275		45.557	
KSV	(15.188)		(14.783)		(37.754)		(38.445)	
Framlegð	3.083		3.050		7.521		7.112	
-Laun og starfsm.	(930)	30,2%	(943)	30,9%	(2.871)	38,2%	(2.827)	39,7%
-Sala og dreifing	(625)	20,3%	(612)	20,1%	(1.671)	22,2%	(1.594)	22,4%
-Annar kostnaður	(364)	11,8%	(411)	13,5%	(1.126)	15,0%	(1.241)	17,4%
EBITDA	1.252	40,6%	1.161	38,1%	2.166	28,8%	1.727	24,3%
EBIT	1.078	35,0%	986	32,3%	1.642	21,8%	1.207	17,0%
EBT	1.154		1.034		1.662		1.163	
Heildarhagnaður	932		690		1.329		794	



Efnahagur og sjóðstreymi

Umsvif félagsins eru jafnan nokkru meiri á 2. og 3. fjórðungi ársins en á 1. og 4. fjórðungi. Af því leiðir að bókfært verð rekstrartengdra eigna og skulda er hærra að jafnaði í lok september en í árslok.

<i>Efnahagsreikningur m.kr.</i>	<i>3F 2014</i>	<i>3F 2013</i>	<i>31.12.2013</i>
Fastafjármunir	11.607	12.743	11.806
Veltufjármunir	16.912	16.785	14.992
-Birgðir	3.739	4.853	4.318
-Viðskiptakröfur	4.627	4.326	3.150
-Handbært fé	6.233	6.127	6.019
-Aðrir veltufjármunir	2.312	1.478	1.505
Eignir samtals	28.518	29.528	26.798
Eigið fé	14.831	15.308	15.152
Langtímaskuldir	6.620	6.964	6.867
Skammtímaskuldir	7.068	7.256	4.779
Skuldir samtals	13.687	14.220	11.647
Eigið fé og skuldir samtals	28.518	29.528	26.798

<i>Sjóðstreymi m.kr.</i>	<i>3F 2014</i>	<i>3F 2013</i>	<i>9M 2014</i>	<i>9M 2013</i>
Handbært fé frá rekstri	3.099	3.159	2.755	4.302
Fjárfestingarhreyfingar	(40)	(276)	(221)	728
Fjármögnunarhreyfingar	(367)	(740)	(2.321)	(1.410)
Hækkun á handbæru fé	2.691	2.143	214	3.619
Handb. fé í lok tímabils	6.233	6.127	6.233	6.127



Áætluð EBITDA 2.600 m.kr. á árinu

Á aðalfundi félagsins 27. mars 2014 kom fram að EBITDA spá félagsins fyrir árið 2014 væri 2.600 m.kr. og er spá fyrir árið 2014 óbreytt.

Atburðir eftir reikningskiladag

Lækkun hlutafjár

Hluthafafundur var haldinn í N1 hf. þann 21. október 2014. Á fundinum var tillaga um lækkun hlutafjár félagsins um 30%, eða um kr. 300.000.000 að nafnverði samþykkt.

Hin samþykkt tillaga felur annars vegar í sér að hlutafé félagsins verði fært niður um kr. 300.000.000 að nafnverði og hins vegar að yfirverðsreikningur hlutafjár færist niður um kr. 3.559.628.000 samtals að fjárhæð 3.859.628.000.

Lögboðnar forsendur fyrir útgreiðslunni hafa nú verið uppfylltar og verður framkvæmd hennar eftirfarandi:

- Viðmiðunardagur 28. nóvember 2014.*
- Lækkunardagur 1. desember 2014.
- Greiðsludagur 5. desember 2014.

**Athygli er vakin á því að síðasti viðskiptadagur með réttindum til útgreiðslu vegna lækkunar hlutafjár er miðvikudagurinn 26. nóvember 2014.*

Nánari upplýsingar veita Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri, (e@n1.is) og Eggert Þór Kristófersson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, (eggert@n1.is).